

Fiskeldi Austfjarða
Strandgata 18
735 Eskifjörður

26. júní 2025
UOS2501624/A.E.H.

Efni: Reglubundið eftirlit þann 19. maí 2025 – Fiskeldi Austfjarða hf., Lóni, Kelduhverfi ID 154.

Þann 19. maí s.l. fór fram reglubundið eftirlit í Fiskeldi Austfjarða hf., Lóni, Kelduhverfi. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Tvö eldri frávik voru opin þegar eftirlitið fór fram:

1. Enn er töluvert af búnaði og rusli tengdu aflögðu kvíaeldi í Lóninu til staðar. Fjarlægja þarf búnaðinn og koma honum í viðeigandi geymslu eða förgun.
2. Vöktunarskýrsla fyrir árið 2023 hefur ekki borist eftirlitsaðila og er frávikið ennþá opið.

Tvær ábendingar voru settar fram í eftirlitinu er varðar:

1. Taka skal sýni úr innrennsli og frárennsli í hámarks og lágmarkssýnatöku.
2. Rekstraraðili var minntur á að sækja um nýtt starfsleyfi tímalega, það rennur út árið 2027.

Sex frávik komu fram er varða:

1. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Rekstraraðili skal taka saman ársyfirlit og senda til eftirlitsaðila fyrir 1. maí ár hvert. Ársyfirlit barst eftirlitsaðila 6. maí sl. og telst því frávikinu lokað.
2. Gr. 3.3. í starfsleyfi. Rekstraraðili skal skila árlega til Umhverfis- og orkustofnunar upplýsingum um losun mengandi efna frá starfstöðinni fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingarnar í grænu bókhaldinu voru ekki fullnægjandi. Grænu bókhaldi var skilað inn 3. Júní sl. með fullnægjandi upplýsingum og er því frávikinu lokað.
3. Gr. 2.15 í starfsleyfi. Við geymslu og meðhöndlun efna skal takmarka aðgengi og mengunarhætti eins og kostur er. Brúsar geymdir án lekabytta við fiskeldiskerin.
4. Gr. 2.10 í starfsleyfi og 4. gr. í reglugerð 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi. Árekstrarvörn vantaði við olíugeymi á svæðinu.

5. Gr. 2.9 í starfsleyfi. Við útrás þar sem fráveituvatn er leitt í viðtaka má ekki vera set, froða eða aðrir aðskotahlutir. Froða, set og fóðurleyfar voru í viðtaka.
6. Samkv. reglugerð nr 990. Viðauki I, 7b. Þar sem framleiðslugeta er yfir 1000 tonn á að skila inn útstreymisbókhalði. Bókhalðinu var skilað inn fyrir 1. maí sl. með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 6. júní sl. og er því frávikin lokað.

Umhverfis- og orkustofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 17. júlí 2025.

Virðingarfyllst,

Auður Eyberg Helgadóttir

Teymi eftirlits

Kristín Kröyer

Teymi eftirlits